

Byggingarfulltrúinn í Búðardal

From: Svanlaug Sigurðardóttir <gudkr@simnet.is>
Sent: 16. október 2017 17:21
To: Byggingarfulltrúinn í Búðardal
Subject: Hvalárvirkjun

Sæll

Ég geri hér með athugasemd við fyrirhugaða Hvalárvirkjun, þar sem mjög mörgum spurningum er en ósvarað og viðrist markmiðið vera að keyra framkvæmdaleyfi í gegn án þess að svara mörgum mikilvægum spurningum. Þá spyr ég ef framkvæmdaleyfi er gefið með tilheyrandi jarðraski vegagerð o.f., verður þá hægt að snúa til baka, ekki verður hægt að færa náttúruna í samt horf aftur. Skiptir álit skipulagstofnunnar engu máli? En þar kemur fram að umhverfisáhrif virkjunarframkvæmdarinnar eru afdráttarlaust neikvæð á þá þættir sem voru skoðaðir. Þá er bent á þá vernd sem fossar, stöðuvötn og óbyggð víðerni njóta samkvæmt nýjum náttúrverndarlögum. Þeim má ekki raska nema að brýna nauðsyn beri til og almannahagsmunir séu í húfi. Hefur verið fundið út að þessi framkvæmt sé í þágu almannahagsmuna? Hvað með náttúrusjónarmið, gífurlegar framkvæmdi eru fyrirhugaðar við jaðar friðlands Vestfjarða og óvíst með áhrif þess á náttúru og dýralíf.

Framkvæmdaraðilum virðist liggja mikið á að fá framkvæmdarleyfi án þess að búið sé að gera grein fyrir öllum þáttum þessarar viðamiklu framkvæmdar, en er t.d. ekki ljóst hvar loftlína eða rafstrengur muni liggja og þ.a.l. er ekki búið að leggja mat á umhverfisáhrif þess þáttar.

Er ekki betra að flýta sér hægt og fá alla þætti upp á yfirborðið áður en farið er í óafturkræft jarðrask, tala nú ekki um þar sem það er ekki yfirvofandi orkuskortur í landinu samkvæmt Bjarna Bjarnasyni, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur.

Virðingarfyllst Svanlaug Sigurðardóttir